

Nd.

148. Frumvarp

til laga um bæjargjöld á Akureyri.

Flm.: Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar skal heimilt, til þess að standa straum af útgjöldum kaupstaðarins, að svo miklu leyti sem eigi þykir fært að ná nægum tekjum handa bæjarfélaginu með niðurjöfnun útsvara, að leggja á allar vörur, sem fluttar eru til eða frá Akureyri, sérstakt vörugjald, er nemi allt að tvöföldu vörugjaldi til Akureyrarhafnar eins og það nú er eða verður á hverjum tíma, og skal ákveða upphæð gjaldsins, tilhögun innheimtu og annað, er þurfa þykir, með reglugerð, saminni af bæjarstjórn Akureyrar og staðfestri af atvinnumálaráðherra. Í reglugerð má og ákveða, að aðfluttar vörur megi eigi afhenda og eigi afgreiða vörur til útflutnings nema sýnd sé kvittun fyrir greiðslu gjaldsins.

2. gr.

Vörugjald þetta má taka lögtaki.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1935 og gilda til ársloka 1937.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun bæjarstjórnar Akureyrar. Var ályktun um þetta efni samþykkt á bæjarstjórnarfundi af öllum fulltrúum bæjarins, að einum (fulltrúa kommúnista) undanskildum. Bæjarstjórn Akureyrar færir sem ástæðu fyrir tilmælum sínum um flutning þessa frumvarps, að útgjöld bæjarins fari hraðvaxandi ár frá ári, m. a. vegna aukinna framlaga til atvinnubóta, en gjaldþol bæjarmanna fari hinsvegar þverrandi, einkum vegna þess, hve mjög útgerðin hefir dregið saman þar síðustu árin. Sé nú svo komið, að ókleift megi telja að jafna þeirri upphæð niður á gjaldendur bæjarins með útsvörum eingöngu, er fullnægi brýnni tekjuþörf hans, og sé því eigi um annað að ræða en að leita annara úrræða. Þykir einna tiltækilegast að fara þá leið, sem hér er farið fram á að heimiluð verði um stundarsakir.

Það er kunnugt, að Akureyrarhöfn er ein af beztu höfnum landsins og hafnar- og bryggjugjöld eru þar ótrúlega lág. Það gjald, sem hér er farið fram á að heimilað verði að taka í bæjarsjóð, er því — sem betur fer — ekki tilfinnanlegt. Hér við má og bæta því, að bæjarstjórnin hefir ákveðið, ef frumvarp þetta verður að lögum að efni til, að breyta vörugjaldinu til hafnarinnar þann veg, að lækka það af þungavöru, en hækka það eitthvað af glysvarningi og munaðarvöru.